



Bankasýsla ríkisins
Borgartúni 3
105 Reykjavík

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 21. desember 2020
Tilv.: FJR20120050/11.4.5

Efni: Tillaga um sölumeðferð á eignarhlutum Íslandsbanka hf.

Við er til erindis frá Bankasýslu ríkisins, dags. 17. desember sl., þar sem lögð er fram tillaga um að selja eignarhluti í Íslandsbanka hf. í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögum um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009 og lögum um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum nr. 155/2012.

Í erindinu kemur fram að tillaga Bankasýslunnar sé eftirfarandi: Að selja eignarhluti í Íslandsbanka hf. þar sem stefnt verður að skráningu eignarhluta á skipulegan verðbréfamarkað innanlands í kjölfar almenns útboðs.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 155/2012 kemur fram að ráðherra sé heimilt að selja að eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. að öllu leyti eða að hluta, að fenginni heimild í fjárlögum og fengnum tillögum frá Bankasýslu ríkisins. Í 6. gr. fjárlaga 2020 og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 liggur fyrir heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., sbr. liður 5.1. Lagaleg skilyrði fyrir að hefja sölumeðferð á bankanum liggja þar af leiðandi fyrir.

Með vísan til ofangreinds er tillaga Bankasýslu ríkisins um að hefja sölumeðferð á Íslandsbanka hf. hér með samþykkt.

Í samræmi við 2. gr. laga nr. 155/2012 mun ráðherra útbúa greinagerð um ráðgerða sölumeðferð og leggja fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Þá verður jafnframt leitað umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisforða og laust fé í umferð.

Nefndunum verður veittur hæfilegur frestur til þess að gera athugasemdir við efni greinargerðarinnar. Að liðnum þeim fresti verður tekin endanleg ákvörðun um hvort sölumeðferð eignarhlutarins verði hafin í samræmi við efni greinargerðarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Bjarni Benediktsson

Guðmundur Árnason

